

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarþúsins á fyrsta ársfjórðungi 2005

Á fyrsta fjórðungi ársins var halli á viðskiptum við útlönd 30,9 milljarðar króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tíma í fyrra var viðskiptahallinn 13,1 milljarður króna. Vöruviðskipti voru óhagstæð um 11,3 milljarða króna og 12,2 milljarða króna halli var á þjónustuviðskiptum við útlönd. Halli á þáttatekjum var 7,2 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2005 samanborið við 6,7 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Á föstu gengi¹ jókst útflutningur vöru og þjónustu um 4% en innflutningur um 28,2% frá sama tímabili árið áður.

Hreint fjárinnstreymi mældist 117,6 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi ársins. Nettólántökur erlendis námu 196,3 milljörðum króna sem skýrist aðallega af skuldabréfaútgáfu íslenskra banka á alþjóðlegum markaði. Bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi var 6,6 milljarðar króna. Fjárúttstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 10,3 milljörðum króna og 27,9 milljörðum króna vegna beinna fjárfestinga erlendis. Aðrar fjárfestingar voru 48,5 milljarðar króna, einkum útlán bankanna til erlendra aðila sem hafa aukist mikið á síðustu árum og námu í lok mars um 340 milljörðum króna. Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands minnkaði um 3,9 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins og nam 59,5 milljörðum króna í lok mars.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

Ársfjórðungar:	I.	II.	III.	IV.	I.
	2004	2004	2004	2004	2005
Viðskiptajöfnuður	-13,1	-20,7	-8,1	-31,1	-30,9
Útflutningur vöru og þjónustu	72,9	74,7	89,5	78,9	69,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-79,1	-94,2	-96,4	-97,6	-93,0
Þáttatekjur og framlög, nettó	-7,0	-1,3	-1,2	-12,4	-7,4
Fjármagnsjöfnuður	14,6	41,1	17,3	62,2	117,6
Fjármagnshreyfingar án forða	22,1	44,1	20,6	62,9	114,1
Erlendar eignir, nettó	-71,3	-88,1	-146,4	-189,5	-86,7
Erlendar skuldir, nettó	93,3	132,4	167,0	252,4	200,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-7,5	-2,9	-3,2	-0,6	3,9
<i>Skekkjur og vantið, nettó</i>	-1,4	-20,3	-9,2	-31,1	-86,7

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 8,3% lægri á fyrsta fjórðungi 2005 en á sama tímabili árið áður.

Erlendar skuldir þjóðarinnar voru 804,1 milljarður króna umfram eignir í lok mars sl. og hafði hrein skuldastaða hækkað frá ársbyrjun um ríflega 114 milljarða króna. Þessi hækkun verður ekki að fullu skýrð með viðskiptahalla né verðbreytingum og skekkjuliður greiðslujafnaðar er óvenju stór að þessu sinni.

Umfang gjaldeyrisviðskipta Íslendinga hefur margfaldast á skömmum tíma og öflun upplýsinga um þau orðið mun vandasamari en áður. Sennilegt er að ófullnægjandi upplýsingar um ráðstöfun gjaldeyris til fjárfestinga erlendis valdi því að fjárhæð skekkjuliðarins í bráðabirgðauppgjöri greiðslujafnaðarins á fyrsta fjórðungi ársins er óvenju há. Þó má nefna að hún svarar aðeins til lítils brots af heildarveltunni í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd á þessum tíma. Unnið verður að því að bæta upplýsingaöflunina eins og frekast er unnt og líklegt er að skekkjuliðurinn minnki eftir því sem fyllri upplýsingar berast um gjaldeyrisviðskiptin. Einnig má minna á að varhugavert kann að vera að draga miklar ályktanir af upplýsingum um fjármagnsviðskipti við útlönd á einum ársfjórðungi vegna tafa sem ævinlega eru í öflun upplýsinga um þau.

Ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins er að finna í meðfylgjandi töflum ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára. Greiðslujafnaðaruppgjör árána 2002 til 2004 hefur verið endurskoðað. Leiðrétting þáttatekna minnkaði viðskiptahallann um 2,1 milljarð króna 2003 en jók hann 2004 um 3,2 milljarða króna. Breytingin svarar til 0,3% vergrar landsframleiðslu á þessum árum.

Mánudaginn 6. júní 2005 mun birtast töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (www.seðlabanki.is). Einnig birtist yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingastaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar eru erlendar skuldir flokkaðar eftir helstu lántakendum, tímalengd og lánsformum.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Janúar - desember		Janúar - mars		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2003	2004	2004	2005	
Viðskiptajöfnuður	-40.330	-73.071	-13.146	-30.880	
Útflutningur vöru og þjónustu	288.114	316.103	72.915	69.528	4,0%
Innflutningur vöru og þjónustu	-313.277	-367.266	-79.056	-92.978	28,2%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-15.167	-21.908	-7.005	-7.430	
Vöruskiptajöfnuður	-15.900	-36.548	-252	-11.266	
Útfluttar vörur f.o.b.	182.580	202.373	51.275	46.688	-0,7%
Innfluttar vörur f.o.b.	-198.480	-238.921	-51.527	-57.954	22,6%
Þjónustujöfnuður	-9.263	-14.615	-5.889	-12.184	
Útflutt þjónusta alls	105.534	113.730	21.640	22.840	15,1%
Samgöngur	50.195	63.232	12.031	13.251	20,1%
Ferðalög	24.531	26.079	3.375	3.237	4,6%
Önnur þjónusta	30.808	24.419	6.234	6.352	11,1%
Innflutt þjónusta	-114.797	-128.345	-27.529	-35.024	38,7%
Samgöngur	-39.685	-48.799	-11.043	-14.761	45,7%
Ferðalög	-39.818	-48.501	-9.149	-11.300	34,7%
Önnur þjónusta	-35.294	-31.045	-7.337	-8.963	33,2%
Þáttatekjur, nettó	-14.001	-20.728	-6.670	-7.238	
Tekjur	28.419	41.922	5.161	11.861	150,6%
Laun	6.236	5.624	1.534	1.024	-27,2%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	22.183	36.298	3.627	10.837	225,7%
Gjöld	-42.420	-62.650	-11.831	-19.099	76,0%
Laun	-465	-817	-229	-260	23,8%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-41.955	-61.833	-11.602	-18.839	77,0%
Rekstrarframlög	-1.166	-1.180	-335	-192	
Fjármagnsjöfnuður	16.485	135.221	14.589	117.620	
Fjárframlög, nettó	-402	-234	31	-374	
Fjármagnshreyfingar ³	16.887	135.455	14.558	117.994	
Hreyfingar án forða	40.288	149.685	22.070	114.056	
Bein fjárfesting, nettó	-3.942	-160.452	-14.189	-21.276	
Innlendra aðila erlendis	-28.373	-182.085	-20.438	-27.904	
Erlendra aðila á Íslandi	24.431	21.633	6.249	6.628	
Verðbréfavíðskipti, nettó	228.000	507.488	104.243	174.672	
Erlend verðbréf	-45.320	-75.688	-24.598	-10.349	
Hlutafé	-40.579	-71.247	-23.936	-8.461	
Skuldaskjöl	-4.741	-4.441	-662	-1.888	
Innlend verðbréf	273.320	583.176	128.841	185.021	
Hlutafé	-5.598	20.200	-475	-2.108	
Skuldaskjöl	278.918	562.976	129.316	187.129	
Annað fjármagn, nettó	-183.770	-197.351	-67.984	-39.340	
Eignir	-156.116	-237.570	-26.252	-48.535	
Skuldir	-27.654	40.219	-41.732	9.195	
Gjaldeyrisforði	-23.401	-14.230	-7.512	3.938	
Skekkjur og vantalíð	23.845	-62.150	-1.443	-86.740	

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárútreymi vegna eignaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>	<i>2004</i>	<i>Mars 2005*</i>
I. Erlendar eignir, alls	421,5	395,6	708,5	1.119,7	1.172,2
1 Bein fjárfesting erlendis	86,8	87,5	122,9	241,0	274,5
11 Eigið fjármagn	66,8	67,6	110,6	212,4	252,1
12 Lán til tengdra félaga	19,9	19,9	12,3	28,6	22,3
2 Erlend markaðsverðbréf	202,9	159,7	262,3	344,4	340,7
21 Hlutafé	188,4	149,3	239,2	316,5	307,7
22 Skuldaskjöl	14,6	10,4	23,1	27,9	32,9
221 Skuldabréf	11,8	9,6	22,7	27,8	32,7
222 Peningabréf	2,8	0,8	0,4	0,2	0,2
223 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar fjáreignir en forði	95,2	111,2	265,2	468,7	497,5
4 Gjaldeyrisforði	34,2	36,6	37,2	58,1	59,5
II. Erlendar skuldir, alls	1.012,3	989,2	1.259,0	1.810,0	1.976,3
1 Bein fjárfesting á Íslandi	70,8	64,3	84,6	110,3	123,4
11 Eigið fjármagn	63,4	56,1	61,8	97,1	110,2
12 Lán frá tengdum félögum	7,4	8,2	22,8	13,2	13,2
2 Innlend markaðsverðbréf	471,3	490,3	776,2	1.302,2	1.460,8
21 Hlutafé	12,1	35,9	42,6	86,5	106,7
22 Skuldaskjöl	459,2	454,4	733,6	1.215,7	1.354,0
221 Skuldabréf	380,2	389,7	611,1	1.082,6	1.256,4
222 Peningabréf	79,0	64,7	122,5	133,0	97,6
223 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar erlendar skuldir	470,2	434,6	398,3	397,5	392,1
31 Löng lán	377,0	296,2	252,0	206,7	205,8
32 Skammtímaskuldir	93,2	138,4	146,3	190,8	186,3
III. Hrein staða við útlönd	-590,8	-593,6	-550,5	-690,3	-804,1
1. Áhættufjármagn nettó	192,2	136,6	234,8	360,7	352,1
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-783,0	-730,2	-785,3	-1.051,0	-1.156,2
21 Seðlabankinn	21,7	20,8	58,1	65,5	59,3
22 Hið opinbera	-239,8	-227,2	-213,7	-205,8	-190,5
23 Innlánsstofnanir	-373,7	-361,8	-471,1	-778,2	-900,5
24 Aðrir geirar	-191,2	-162,0	-158,6	-132,5	-124,5
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	102,95	80,58	70,99	61,04	60,58
IV. Skuldahlutföll: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-76,5	-83,5	-70,2	-87,8	-84,8
12 Hrein skuldastaða ²	101,4	102,7	100,1	133,7	121,9
13 Erlend skuldastaða ³	120,4	125,1	144,3	205,2	184,1
131 þ.a. langtímaskuldir	98,1	96,5	110,0	164,0	154,2

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að fráregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutafé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.